


# Sköpunarkrafturinn — orkugjafi 21. aldar



Tillögur undirbúningsstjórnar um stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina á Íslandi og samantekt á vinnu sem unnin var frá ágúst 2021 til maí 2023

## Efnisyfirlit

---

<b>1.</b>	<b>Inngangur</b>	<b>4</b>	<b>7.</b>	<b>Heimildaskrá</b>	<b>56</b>
<b>2.</b>	<b>Samantekt og tillögur undirbúningsstjórnar</b>	<b>6</b>	<b>8.</b>	<b>Myndaskrá</b>	<b>64</b>
	Markmið	9	<b>9.</b>	<b>Viðaukar</b>	<b>65</b>
	Hlutverk Rannsóknaseturs skapandi greina	9	1.	Þarfagreining fyrir rannsóknarsetur skapandi greina	
	Rekstrarform	10	2.	Rannsóknáherslur sem styrkja þróun menningar og skapandi greina	
	Áherslur í starfi Rannsóknarseturs skapandi greina	11	3.	Skilgreiningar á skapandi greinum	
<b>3.</b>	<b>Verkefni undirbúningsstjórnar</b>	<b>12</b>	4.	Styrkir til menningar og skapandi greina	
	Vörður á leiðinni	13	5.	Opinber útgjöld til menningarmála á sveitastjórnarstigi	
	Skilgreiningar og hugtök	13	6.	Staða sjálfstætt starfandi í skapandi greinum á Íslandi	
	Menningarvísar Hagstofu Íslands 2021	19			
	Menningarvísar Hagstofu Íslands 2023	22			
	Alþjóðleg þróun	29			
<b>4.</b>	<b>Verkþættir og skýrslur unnar í undirbúningsferlinu</b>	<b>34</b>			
<b>5.</b>	<b>Lokaorð</b>	<b>52</b>			
<b>6.</b>	<b>Þakkir</b>	<b>53</b>			

# Í orkuskiptum samtímans leikur sköpunarkrafturinn lykilhlutverk

Ef forfeður okkar myndu líta við hjá okkur í nútímanum kæmi margt spánskt fyrir sjónir. Snjallsímar og tölvur, frystitogarar og fjarfundabúnaðar, rafmagnsbílar og mjaltavélmenni. Ekkert er eins og var og það eina sem við vitum á tímum hraðra tækninýjunga er að allt er breytingum undirorpið. Við lifum á tímum atvinnuháttabyltingar þar sem gervigreind ryður sér til rúms. Þróun á stafrænni tækni fleygir fram með tilheyrandi umbreytingum og loftslagsváin knýr okkur til að hugsa um daglegar venjur í nýju ljósi. Hefðbundin landbúnaðarhéruð og sjávarþorp hafa fengið nýja ásýnd með nýsköpun á öllum sviðum. Menning og skapandi greinar skipa þar stóran sess og eru nú viðurkenndur atvinnuvegur samhliða frumframleiðslu, iðnaði og þjónustu, sem áður skipuðu grunnstoðirnar þrjár í efnahagslífi Íslendinga.

Á undanförnum áratugum hafa orðið til nýjar skilgreiningar á atvinnugreinum. Brýn þörf er orðin á að afla gagna og rannsaka þá þróun sem er að verða á atvinnuháttum og því hlutverki sem skapandi greinar leika í tæknibyltingu samtímans. Hagrænar mælingar benda til þess að mikill vaxtarsproti sé í greinunum á alþjóðavísu og ekki síst á Íslandi. Samhliða



atvinnuháttabyltingu stendur samfélagið frammi fyrir flóknum áskorunum sem meðal annars tengjast gervigreind, umhverfismálum, fæðuöryggi, fólki á flóttu, mannréttindum og jafnrétti í víðum skilningi.

Tekið er mið af þessu í skýrslunni sem hér fer á eftir og færð rök fyrir því af hverju nauðsynlegt er að stofna Rannsóknasetur skapandi greina á Íslandi og með hvaða hætti við sjáum það fyrir okkur.

Skapandi greinar byggja á listum og sköpun og hafa menningarlegt og samfélagslegt gildi um leið og þær eru efnahagslegur aflvaki. Það er þetta þríþætta hlutverk sem Rannsóknasetur skapandi greina þarf að hafa að leiðarljósi.

F.h. undirbúningsstjórnar

  
Anna Hildur Hildibrandsdóttir

## 2. Samantekt og tillögur undirbúningsstjórnar

Í þessari samantekt verður farið yfir meginmarkmið með stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina, hér eftir nefnt RSG, sem og tillögur undirbúningsstjórnar um hlutverk þess og rekstrarform. Samantektin miðlar niðurstöðum ítarlegrar gagnaöflunar og greiningar, sem undirbúningsstjórn lét framkvæma árið 2022. Fólst hún meðal annars í viðamiklu samráði við hagaðila og stjórnvöld með spurningakönnunum, rýnihópum, viðtölum og fundum. Alls komu meira en 500 einstaklingar að þessari vinnu með einum eða öðrum hætti. Þar að auki hefur verið stuðst við innlendar rannsóknir, ásamt því að leitað var liðsinnis erlendra fræðimanna sem hafa verið í farabroddi í rannsóknum á menningu og skapandi greinum undanfarna áratugi. Samhliða því voru teknar saman helstu vörður í þróun náms, stefnumótunar og stoðkerfis skapandi greina á Íslandi sem sjá má á bls. 14-15.

Mikil og ör þróun hefur átt sér stað undanfarin ár í gagnaöflun og rannsóknum á hagrænum, menningar- og samfélagslegum áhrifum skapandi greina á alþjóðlegum vettvangi. Markmiðið með stofnun RSG er að stuðla að sambærilegri þróun hér á landi. RSG mun byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin hérlendis og efla rannsóknir á sviði skapandi greina enn frekar.

Árið 2011 var var gefin út skýrsla sem í fyrsta sinn kortlagði hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011). Niðurstöður hennar sýndu að greinarnar væru öflugur atvinnuvegur sem á þeim tíma skapaði nær 10.000 störf og velti a.m.k. 189 milljörðum kr. Kortlagningin byggði á samantekt og frumrannsókn á tölfræði og stuðst var við skilgreiningu UNESCO á skapandi greinum frá árinu 2009 (UNESCO Institute for Statistics, 2009, bls. 22). Áratug

MYND 1

## Greining í upphafi undirbúningsvinnu



Grunnrannsóknir og þekkingarsköpun greina eiginleika, formgerðir og tengsl með það í huga að setja fram og prófa tilgátur, kenningar eða lögmál.

Hagnýtar rannsóknir fela líka í sér frumathuganir sem hafa að leiðarljósi að skapa nýja þekkingu. Með þeim er leitast við að koma hugmyndum í framkvæmd.

MYND 2

## Helstu hagaðilar



síðar hóf Hagstofa Íslands að birta hagræna mælikvarða menningar, þ.m.t. menningarvísa sem byggja á stöðlum Eurostat (Hagstofa Íslands, e.d.).

Vöxtur í atvinnugreinum menningar og áhersla stjórnvalda á skapandi greinar hafa aukið áhuga fræðasamfélagsins á þessu sviði. Þá sækjast stjórnvöld, bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstigi, í vaxandi mæli eftir því að byggja stefnumótun sína og aðgerðir á rannsóknum og tölulegum gögnum. Vinnan sem undirbúningsstjórnin hefur látið framkvæma hefur afhjúpað bæði styrkleika og veikleika í vistkerfi skapandi greina hér á landi og þau miklu sóknarfæri sem eru til staðar. Þá varpar hún ljósi á hlutverk greinanna í þeirri atvinnuháttabyltingu sem á sér stað á Íslandi og undirstrikar hagræn, menningarleg og samfélagsleg áhrif þeirra. Ljóst er að mikil þörf er á frekari rannsóknum, öflun gagna og auknu samráði þegar kemur að stefnumótun á sviði menningar og skapandi greina.

Í upphafi vinnunnar sem undirbúningsstjórnin átti fyrir höndum haustið 2021 voru teiknaðar upp hugmyndir sem byggja á umræðu undanfarins áratugar um möguleg hlutverk rannsóknaseturs skapandi greina, sjá **MYND 1** á síðu 7.

Í framhaldinu hófst víðtækt samráð við aðila innan fræðasamfélagsins, úr atvinnulífinu og hjá opinberum aðilum til að greina betur og afmarka hlutverk slíks seturs. **MYND 2** á síðu 7 sýnir hver höfðu mótandi hlutverk í þessari vinnu.

Eftirfarandi eru tillögur undirbúningsstjórnar um markmið og hlutverk setursins, byggðar á þarfagreiningu og víðtæku samráði við hagaðila, auk kortlagningar og tengingar við alþjóðlega þróun í þessum efnunum.

## Markmið:

# Að efla rannsóknir á atvinnulífi menningar og skapandi greina með hliðsjón af fjölþættum áhrifum listsköpunar og menningarframleiðslu á samfélagið.

## Hlutverk Rannsóknaseturs skapandi greina

- Að stuðla að samráði háskóla, stofnana, stjórnvalda, Hagstofu Íslands og atvinnulífs menningar og skapandi greina, sem styrkt getur innviði og vöxt þess.
- Að efla gagnaöflun og greiningu sem nýst getur við fjölbreyttar rannsóknir og miðlun.
- Að samræma gögn.
- Að skapa stöðugt rannsóknnaumhverfi sem hvetur til þverfagslegs samstarfs innanlands sem utan.
- Að vera leiðandi í mótun nýrra rannsóknaverkefna með sókn í innlenda og alþjóðlega rannsóknasjóði.
- Að greina tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar og samkeppnishæfni.
- Að kortleggja og miðla virði og fjölbreyttum áhrifum skapandi greina á samfélagið.
- Að vera ráðgefandi fyrir opinbera aðila og atvinnulíf varðandi stefnumörkun og aðgerðir.
- Að skapa lifandi vettvang þar sem stuðlað er að fræðandi umræðu, tengslamyndun og miðlun þekkingar til að efla samtalið á milli þekkingarstofnana, stoðkerfis og atvinnulífs.

## Rekstrarform

Setrið verði í eigu þeirra háskóla sem koma að stofnun þess og byggir samþykktum stofnsamningi. Opinberir aðilar tryggi grunnfjármögnun fyrir starfsemina en jafnframt verði sótt í samkeppnissjóði fyrir verkefnatengdar rannsóknir sem samræmast rannsóknáætlun RSG.

- Háskólinn á Bifröst sér um umsýslu setursins.
- Stofnfélagar RSG skipa einn fulltrúa í stjórn hver. Lagt er til að menningar- og viðskiptaráðherra skipi tvo fulltrúa, þar af formann stjórnar. Dagleg stjórn setursins er í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem ber ábyrgð á daglegum rekstri.
- Stjórn RSG mun auglýsa eftir rannsakendum til að leiða umsóknarferli í innlenda, norræna og evrópska sjóði sem falla að þeirri rannsóknáætlun sem stjórn setursins mótar.
- Stjórn RSG mun stuðla að aukinni rannsóknavirkni í doktors- og meistaranámi í samstarfi við háskóla, stofnanir og fyrirtæki sem vinna að sömu markmiðum og setrið. Þetta getur til dæmis verið með samstarfi um fjármögnun á doktorsnemastöðum; samstarfi um stoðþjónustu við doktorsnema; og stuðningi við lokaverkefni í meistaranámi sem samræmast rannsóknáherslum RSG.
- Ráðgjafahópur skal skipaður fulltrúum úr atvinnulífnum. Samráð skal haft við Samtök skapandi greina, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og fagfélög um að tilnefna einstaklinga sem hafa staðgóða þekkingu, reynslu og skilning á skapandi greinum. Hlutverk ráðgjafahóps er að vera stjórn innan handar um þekkingaröflun og upplýsingastreymi ásamt því að koma með hugmyndir að efnistöðum á árlegri ráðstefnu RSG.

MYND 3

## Áherslur í starfi Rannsóknaseturs skapandi greina

### 2023

- Stjórn RSG mótar og skipuleggur starfið til þriggja ára
- Verkefnabundnar ráðningar til að móta sjóðasókn
- Stefnumótun fyrir miðlun og upplýsingar
- Þróun mælaborðs skapandi greina
- Ráðgjöf varðandi stefnumörkun og aðgerðir
- Greind þörf fyrir þjónusturannsóknir

### 2024

- Verkefnabundnum rannsóknum á sviði skapandi greina safnað á einn stað
- Beta útgáfa af mælaborði í skapandi greinum kynnt
- Unnið með ráðgjafahópi að árlegri ráðstefnu sem haldin verði í september
- Umsóknaskrif fyrir alþjóðleg samstarfsverkefni

### 2025

- Samantekt á starfi RSG 2023-2024 og framtíðarsýn
- Mælaborð skapandi greina kynnt
- Rannsóknaniðurstöður kynntar
- Unnið með ráðgjafahópi að árlegri ráðstefnu í september

## 4. Verkefni undirbúningsstjórnar

Vinnan sem hér er kynnt byggir á samkomulagi sem Háskólinn á Bifröst undirritaði við stjórnvöld á fundinum Skapandi Ísland í ágúst árið 2021 ([->Skapandi Ísland, 2021](#)). Ráðuneytin sem að samningnum stóðu voru mennta- og menningarmálaráðuneytið; samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, sem nú er innviðaráðuneyti; atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sem nú er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti; og forsætisráðuneytið.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur haldið utan um vinnuna af hálfu stjórnvalda en í undirbúningsstjórn verkefnisins sátu Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, Erling Jóhannesson, forseti Bandalags íslenskra listamanna og fulltrúi Samtaka skapandi greina (hann tók við af Valgerði Guðrúnu Halldórsdóttur), Laufey Guðjónsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar og fulltrúi Samtaka skapandi greina. Formaður stjórnarinnar var Anna Hildur Hildibrandsdóttir fagstjóri skapandi greina við Háskólann á Bifröst og kvikmyndagerðarkona. María Kristín Gylfadóttir var ráðin verkefnastjóri í október 2021 til eins árs til að halda utan um ákveðna verkþætti í undirbúningsferlinu.

## Verkefni undirbúningsstjórnar voru samkvæmt samningi við stjórnvöld:

- i. Að gera þarfagreiningu og setja fram skilgreiningar.
- ii. Að kortleggja stöðu skapandi greina á Íslandi og þróun þeirra undanfarinn áratug.
- iii. Að gera tillögur að þróun mælaborðs og úrvinnslu gagna til að efla tölfræði í skapandi greinum.
- iv. Að koma á og efla alþjóðlegt rannsóknasamstarf.

## Vörður á leiðinni

Miklar framfarir hafa orðið varðandi þróun á stoðkerfi og námsframboði í listum og skapandi greinum á Íslandi. Á næstu blaðsíðu, sýnir **MYND 4** helstu vörður undanfarinn aldarfjórðung í þeim efnum.

## Skilgreiningar og hugtök

Hvorki á Íslandi né alþjóðlega hefur náðst sátt um eina skilgreiningu umfram aðra á menningu og skapandi greinum, eða enska hugtakinu „Culture and Creative Industries“. Hugtakið skapandi greinar (e. Creative Industries) var fyrst notað í ástralskri menningarstefnu sem nefndist Skapandi þjóð (e. Creative nation) (Apo Analysis & Policy Observatory, 1994) sem var liður í að bregðast við vaxandi alþjóðlegri menningarframleiðslu sem tengdist stafrænni þróun. Bretar festu svo hugtakið í sessi í kortlagningu á skapandi greinum árið 1998. (Department for Digital, Culture, Media & Sport, 1998)

Alla tíð síðan hefur verið tekist á um hvað heyri undir atvinnuvegin og hvort spyrða eigi saman menningu og atvinnulífi í þeim tilgangi að meta umfang með hagrænum mælistikum.

## 1999

- Listaháskóli Íslands stofnaður.
- Lög um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

## 2004

- MA nám í menningarstjórnun hefst við Háskólann á Bifröst.
- Bókin Hagræn áhrif tónlistar eftir Ágúst Einarsson kemur út.

## 2009

- Skapandi stefnumót – fyrsti stefnumótunarfundur miðstöðva lista og skapandi greina.
- Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

## 2012

- Bókin Hagræn áhrif kvikmyndalistar eftir Ágúst Einarsson kemur út.
- „Skapandi greinar – sýn til framtíðar“ skýrsla á vegum mennta- og menningar- málaráðuneytisins.

## 2014

- Hönnunarstefna gefin út.
- Bókin Hagræn áhrif ritlistar eftir Ágúst Einarsson kemur út.

## 2017

- Skýrsla starfshóps um bókmenningarstefnu gefin út.
- Áhersla á skapandi greinar í stjórnarsáttmála og vinna við móttun aðgerða hefst.

## 2021

- BA nám í skapandi greinum á Bifröst hefst.
- Stefnumörkun um safnastarf gefin út.
- Menningararfurinn stefna um varðveislu og aðgengi.
- Aðgerðaáætlunin Menningarsókn gefin út.
- Skipulagsskrá fyrir Sviðslistamiðstöð Íslands.
- Verkefnið Skapandi Ísland hefst hjá Íslandsstofu.
- Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að efla skapandi greinar kynntar.
- Menningarvísar Hagstofu Íslands gefnir út í fyrsta skipti.

## 2001–21

- Miðstöðvar lista og skapandi greina settar á laggirnar.

## 2007

- Menningarstefna í mannvirkjagerð: stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, síðar endurskoðuð 2014.

## 2011

- Stofnun samráðsvettvangs skapandi greina.
- „Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina“ skýrsla að frumkvæði Samtaka skapandi greina.
- Rannsóknarmiðstöð skapandi greina stofnuð við Félagsvísindasvið HÍ.

## 2013

- Menningarstefna gefin út.

## 2016

- Lög um endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist.

## 2020

- Kvikmyndastefna gefin út.
- Diplómanám í skapandi greinum hefst við Háskólann á Bifröst.

## 2022

- Undirbúningsvinna fyrir stofnun rannsóknaseturs skapandi greina.
- Vinna við fjölmíðlastefnu hefst.
- Áhersla á STEAM í stefnu háskólaráðherra.

## 2023

- Samstarfssjóður háskóla styður samstarf skóla og stofnana um þekkingaruppbyggingu í atvinnuvegi menningar og skapandi greina á MA og doktorsstigi.
- Myndlistarstefna kynnt.
- Stefnumótun hönnunar og arkitektúrs gefin út.
- Tónlistarstefna kynnt.



Á Íslandi hefur verið rætt um hvort heppilegra sé að þýða „creative industries“ sem skapandi iðnað. Í „Kortlagningu á hagrænum áhrifum skapandi greina“ (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011) var sérstaklega fjallað um hugtökin menning (e. culture), sköpun (e. creativity) og atvinnugreinar eða iðnaður (e. industry) þar sem þau mynda grunninn að því að skoða menningu og listir í hagrænu samhengi (Throsby, D., 2008). Bent var á að orðið iðnaður hafi takmarkaðri merkingu en enska orðið „industry“ og því hafi myndast sú hefð að tala um skapandi atvinnugreinar eða skapandi greinar.

Á undanförunum misserum er algengt að notað sé hugtakið „Culture and Creative Sectors“ (CCS) eða menning og skapandi geirar. Þannig er tekið fram í nýrri skýrslu sem gefin er út af Efnahags- og framfarastofnun Evrópu og nefnist The Culture Fix, Creative People, Places and Industries (OECD, 2022) að hugtakið nái betur yfir allan geirann þar sem bæði óhagnaðardrífna rekstrareiningar og opinberar stofnanir leggi mikið til í vistkerfi sköpunar sem geti gleymst þegar einungis sé vísað í iðnað. Þetta rímar vel við skilgreiningarvinnuna á Íslandi árið 2011 sem freistaði þess að ná utan um alla geira sem mynda vistkerfi menningar og skapandi greina.


Skapast hefur hefð fyrir því að nota stytta útgáfu af hugtakinu á íslensku, þ.e. „skapandi greinar“, en í samhengi við rannsóknir og fræðastarf gæti verið heppilegra að þýða enska hugtakið „Culture and Creative Industries“ sem; „menning og skapandi greinar“ (MSG). Hér er þess freistað að nota hugtökin samhliða og í sömu merkingu. Það er þjálfa og hefur fest sig í sessi í málhefðinni að vísa í „skapandi greinar“ en samræmi við alþjóðlega orðræðu kann að vera nauðsynlegt í rannsóknum. Í því samhengi er skýrara að nota „menning og skapandi greinar“.

Í skýrslunni um hagræn áhrif skapandi greina (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011) var stuðst við alþjóðlega skilgreiningu sem fram kom í skýrslu UNESCO 2009 um ramma fyrir menningarhagtolur (UNESCO Institute for Statistics, 2009) sem byggir að miklu leyti á skilgreiningarvinnu breska menningarmálaráðuneytisins.

Þar er talað um kjarnagreinar á sviði skapandi greina og síðan stoðsvið eins og **MYND 5** sýnir.

MYND 5

## Skilgreining UNESCO 2009



Umræðan hefur þróast og þroskast og árið 2020 kjarnaði Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs, skilgreininguna á skapandi greinum með myndrænum hætti í blaðagrein sem birtist á visir.is og nefndist „Hvað er fólk eiginlega að pæla“ – af hugviti, listum og skapandi greinum (Halla Helgadóttir, 2020).

”

**Listir og sköpun er auðlind  
sem lýtur eigin lögmálum.**

**Menning er það sem þær gefa  
af sér til samfélagsins.**

**Skapandi greinar er samheiti yfir  
listir, sköpun, hugverk, menningu,  
atvinnu- og viðskiptalíf sem af  
þeim skapast.**

“

(Halla Helgadóttir, 2020)

Í grein Höllu kemur fram að listir og sköpun séu auðlindir sem lúti eigin lögmálum. Menning er það sem þær gefa af sér til samfélagsins og skapandi greinar eru samheiti yfir listir, sköpun, hugverk, menningu, atvinnu- og viðskiptalíf sem af þeim skapast.

„Listir, sköpun og hugverk eru kjarni skapandi greina, auðlindin sem þær byggja á og allt þróast út frá. Þær hafa mikilvægu samfélagslegu og menningarlegu hlutverki að gegna sem ekki verður metið til fjár, þær eru hreyfiafl til breytinga og uppspretta nýsköpunar og í þeim felast mikil efnahagsleg tækifæri sem hægt er að efla betur með markvissum aðgerðum.“


(Halla Helgadóttir, 2020)

## Menningarvísar Hagstofu Íslands 2021


Árið 2021 voru í fyrsta skipti gefnir út menningarvísar á Hagstofu Íslands. Þeir snúa að miðlun hagrænna mælikvarða um menningu og skapandi greinar á Íslandi og byggja á skilgreiningu Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins á atvinnugreinum menningar. Tveimur ÍSAT flokkum var þó bætt við Eurostat skilgreininguna; hugbúnaðagerð (eingöngu rekstraraðilar sem falla í hliðarflokk fyrir tölvuleikjagerð) og starfsemi listmunahúsa og listverkasala (Hagstofa Íslands, e.d.). Menningargreinarnar sem taldar voru til skilgreiningarinnar á þessum tíma voru tíu.

MYND 6

## Menningarvísar Hagstofu Íslands 2021



# Rekstrartekjur í atvinnugreinum menningar og skapandi greina 2012 – 2021 (m. kr.)



Tilgreint var á síðu Hagstofunnar að þetta væri tilraunatólfræði sem væri í þróun. Á lokametrum þessarar skýrslugerðar voru gefnir út uppfærðir menningarvísar sem gerð er grein fyrir í næsta kafla.

## Menningarvísar Hagstofu Íslands 2023

Þann 10. maí 2023 birti Hagstofa Íslands uppfærða menningarvísa. ([→Menningarvísar, e.d.](#))

Í þeim eru tilgreindar tólf menningargreinar eins og sjá má á **MYND 5**, í stað tíu áður. Hliðarflokkunin þar sem sjá má hvað fellur undir hverja grein hefur líka breyst. Prentun féll undir fjölmiðla í fyrri útgáfu en er nú sérstök grein. Bóka- og skjalasöfn féllu undir bókmenntir en falla nú undir menningararf. Auglýsingastofur voru ekki taldar með í fyrri menningarvísunum en eru nú sér flokkur. Sjónvarpsútsendingar og dagskrárgerð tilheyrði alfarið flokknum, kvikmyndir og sjónvarp en skiptist nú á milli fjölmiðla annars vegar og kvikmynda og sjónvarps hins vegar. Flokkur sem nefnist listsköpun var í fyrri útgáfu skipt á milli bókmennta, myndlistar og tónlistar en dreifist nú líka á sviðslistir og fjölmiðla.

Einnig miðast rekstrartekjur rekstraraðila nú við þrjár milljónir kr. á ári en voru fimm milljónir kr. í fyrri útgáfu.

Helstu upplýsingar sem má lesa úr menningarvísunum eru eftirfarandi.

Alls starfa um 15.300 manns í þessum atvinnuvegi. Rekstrartekjur í menningu og skapandi greinum voru rúmlega 126 milljarðar kr. árið 2021. Þær tölur ná yfir allar rekstrartekjur sem rekstraraðili tiltekur í skattframtali, þ.m.t. útflutningstekjur og hvers kyns styrki. Þannig aukast

rekstrartekjur í geiranum um 2,9% frá árinu 2012, en um 40,3% ef fjölmiðlar og prentun er undanskilin. Í þeim tveimur greinum er mikill samdráttur. Kvikmynda- og sjónvarpsgeirinn er stærstur en sveiflukenndur. Reikna má með að heimsfaraldurinn sé þess valdandi að sviðslistir dragast saman þegar bornar eru saman tölur frá 2012 og 2021. Ef samanburður er gerður á milli árána 2020 – 2021 þá jukust rekstrartekjur í tónlist mest eða um 54% og í menningararfi eða um 34%, hins vegar var mestur samdráttur í þeim árin á undan, 2019 og 2020 þegar rekstrartekjur drógust saman um 44% í tónlist og 43% í menningararfi. Á þeim árum hækkuðu rekstrartekjur mest í tölvuleikjum eða um 47%, og í kvikmyndum eða um 25% á milli ára. Mikill vöxtur hönnunar og arkitektúrs á undanförunum misserum vekur athygli.


Hér er stiklað á stóru um það sem má lesa út úr nýjum menningarvísunum. Ljóst er að enn er verið að þróa gagnasöfnin sem liggja að baki þeim og eitt þeirra verkefna sem bíður nýs Rannsóknaseturs skapandi greina er að kortleggja hvar má stoppa í götin og hvar þarf að auka greinanleika.

Þannig er í núverandi talnaefni Hagstofu Íslands um tónleikahald einungis tekið mið af sölu á tónleika í þremur menningarhúsum á landinu; Salnum í Kópavogi, Hofi og Hörpu. Úr þessu þarf að bæta auk þess sem safna þarf gögnum um tekjur af hvers kyns listahátíðum.

Áhugavert væri að sjá hversu mikill hluti af rekstrartekjum herrar greinar eru styrkir eða skattaívilnanir. Þannig má betur greina afrakstur af stjórnvaldsaðgerðum hverju sinni.

Gott væri að sjá frekari greiningu á útflutningstekjum og hvaða geirar eru vaxandi. Í þeim efnum má skoða hvort tengja má áhersluverkefni Íslandsstofu við þann vöxt?


# Menningarvísar Hagstofu Íslands 2023



## Núverandi stefnumótun aðskilur skapandi greinar og nýsköpun



## Framtíðarsýn með samlegð að leiðarljósi



Gagnlegt væri að skoða ÍSAT flokkunina sem allt byggir á og greina hvort sjálfstætt starfandi eru meðvitaðir um tilurð hennar. Setja sjálfstætt starfandi og minni fyrirtæki inn ÍSAT flokkun í skilagreinar til skattsins?

Í núverandi menningarvísun er ekki hægt að skoða skiptingu eftir landshlutum. Það væri verðugt verkefni að vinna að slíku niðurbroti á tölum þannig að hægt sé að meta menningarstefnu og aðgerðaráætlanir sem gerðar eru reglulega fyrir hvern landshluta.

Þessi listi er engan vegin tæmandi heldur einungis ábendingar um hvað væri hægt að skoða og hvað má bæta.

Í **VIÐAUKA 3**, skýrslu um skilgreiningar á CCI eru dregnar fram helstu skilgreiningar sem fræðimenn hafa notað á alþjóðavettvangi (Cunningham, C., Brook, S. og McCutcheon, M., 2023). Þar er líka komið inn á tengsl skapandi greina og nýsköpunar. Eitt af því sem er brýnt að gera á Íslandi er að skoða áhrif menningar og skapandi greina á nýsköpun og samhengið þar á milli eins og lögð hefur verið áhersla á í nágrannalöndum okkar. „En í listum manna ræður breyting, þróun og frumsköpun. Listin er sífelld nýsköpun,” sagði Guðmundur Finnbogason í fyrirlestri sínum sem nefndist Listir og lífið árið 1911. Hugmyndin um nán tengsl listköpunar og nýsköpunar er því ekki ný af nálinni. Mikilvægt er að skoða frekar hvað felst í orðinu hugverk og hvernig skapandi greinar byggja á hugverkum. Samtök iðnaðarins hafa skilgreint hugverkaiðnað sem fjórðu stoðina í efnahagslífinu og segja hana byggja á hugviti og nýsköpun í upplýsinga- og fjarskiptaiðnaði, lyfja-, líftækni og heilbrigðisiðnaði og öðrum hátækniðnaði (Ingólfur Bender, 2020). Ljóst er að samkvæmt skilgreiningum Hagstofu Íslands dreifast þessar greinar á nokkra atvinnuvegi. Hjá þáverandi atvinnu- og

nýsköpunarráðuneyti var kynnt nýsköpunarstefna árið 2020 og nefndist hún Nýsköpunarlandið þar sem nánast ekkert var minnst á skapandi greinar. Á **MYND 9** má sjá tilraun til að teikna annars vegar upp hvernig horft er til þessara þátta í núverandi stefnumótun stjórnvalda en á **MYND10** hvernig mætti sjá fyrir sér framtíðaráherslur varðandi samlegð skapandi greina, hugverkaiðnaðar og nýsköpunar. Það rímar við þær áherslur sem núverandi háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra hefur sett á STEAM<sup>1</sup> greinar og aðferðafræði í háskólunum.

Það er ekki síst í þessu samhengi sem bent hefur verið á að ef olían var eldsneyti 20. aldarinnar þá er sköpunarkrafturinn orkugjafi 21. aldarinnar. John Newbigín sem er einn af þeim sem hafa sinnt stefnumótun í skapandi greinum í Bretlandi bendir á að með þetta í huga þurfi að endurhugsa hvernig ráðuneyti eru skilgreind, hvernig borgir eru skipulagðar, hvernig menntun er boðið upp á og hvernig borgararnir eiga samskipti (Newbigín, J., 2019).

Íslensk stjórnvöld stigu skref í þessa átt þegar þau endurskilgreindu hlutverk og samsetningu ráðuneyta við myndun ríkisstjórnar árið 2021. Í þeim anda þarf að vinna að hugmyndafræði í stefnumótun þar sem horft er til þeirrar samlegðar sem er á milli ólíkra greina í listum, tækni, vísinum og iðnaði. Orkuskiptin eru ekki bara fólgin í að skoða hefðbundna orkugjafa. Það þarf að horfa til þeirra straumhvarfa sem eru að verða í þjóðfélagsgerðinni með tilheyrandi hugarfars- og atferlisbreytingum. Þróun hugtaksins skapandi hagkerfi er nátengt þessum þælingum.

<sup>1</sup> STEAM stendur fyrir Science, Technology, Engineering, Arts og Maths og miðar að því að stuðla að aukinni samvinnu á milli vísinda, tækni, verkfræði, listsköpunar og stærðfræði.

## Alþjóðleg þróun

Aukin hlutdeild menningar og skapandi greina átti sér stað án þess að eftir því væri tekið framan af, þar sem geirinn var ekki skráður í opinberum talnasöfnum (Newbigín, J., 2019). Skortur á samanburðarhæfum tölfræðigögnum varð til þess í Evrópu að ýtt var úr vör verkefni þar sem átti að finna varanlega lausn á skilgreiningarvanda menningar og skapandi greina og aðferðafræði gagnasöfnunar. LEG-culture hópurinn svokallaði var settur á stofn af Tölfræðistofnun Evrópusambandsins (e. Eurostat) árið 1997 með það að markmiði að þróa tölfræðiskráningu sem lýst gæti evrópska menningarsviðinu (Deroín, Valérie, 2011). Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum í menningarskýrslunni 2002 (e. Culture report 2002). Hafði hann komist að þeirri niðurstöðu að sökum margbreytileika evrópsku menningarflórunnar væri ógerningur að lýsa evrópska menningarsviðinu með tölfræðiskráningu. Árangur starfsins varð ákveðin vísar að gagnaskráningu sem auðveldað gætu samanburðarhæfi einstakra málaflokka, auk afmörkunar viðfangsins og skilgreiningu á þeirri starfsemi sem talist gæti til menningar (Bína, V., Chantepie, P., Derion, V., Frank, G., Kommel, K., Kotýnek, J., og Robin, P., 2012). Þetta var gert í kjölfar þess að Ástralir og Bretar höfðu skilgreint hugtakið sem mikilvægan lið í að marka stefnu varðandi vaxtarsprotann sem sjáanlegur var í menningu og skapandi greinum, ekki síst í tengslum við stafræna þróun og þeim tækifærum og áskorunum sem voru að skapast út frá því.

Í grænbók Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar frá árinu 2007 var bent á að skortur á tölfræði í ört vaxandi atvinnuvegi sem menning og skapandi greinar væru, stæði stefnumótun á Norðurlöndum fyrir þrifum (Fleming og Nilson-Andersen, 2007). Norræna ráðherranefndin brást við með því að koma á laggirnar Kreanord

verkefninu sem var ætlað að skoða samstarf varðandi alþjóðavæðingu á sviði menningar og skapandi greina. Í fyrsta fasa frá 2008–2010 var talað um að þróa og kynna Norðurlöndin sem miðstöð skapandi greina. Í öðrum fasa frá 2010–2012 vann Kreanord að því að tengja saman menningargeirann og atvinnulífið á Norðurlöndum og í þriðja fasa 2013–2015 var skoðað sérstaklega hvernig stuðla mætti að norrænum samlegðaráhrifum til að efla fyrirtæki innan skapandi greina. Í úttekt á Kreanord verkefninu er talið að það hefði hjálpað til við að gera skapandi greinar að forgangsverkefni á pólitískum vettvangi en ekki tekist að setja fram nægjanlega skýr og framkvæmanleg markmið. Mælt var með áframhaldandi stefnumótunarsamstarfi í skapandi greinum, þar sem unnið yrði þematengt þvert á greinar og lönd en utanumhald og skipulag væri hjá norrænni stofnun (Åstedt, E., Hallin, G., og Strömlad, J., 2015).

Í framhaldinu var sett á laggirnar norrænt þekkingarsetur fyrir menningarpólitík sem nefnist Kulturanalys Norden (Kulturanalys Norden, e.d.) eða Norræna menningargreinngarverkefnið og hefur starfað með fjármögnun til tveggja ára í senn frá árinu 2016. Sænska stofnunin fyrir greiningu á menningarstefnu (s. Myndigheten for kulturanalys) annast umsýslu setursins sem safnar þekkingu frá menningaryfivöldum, fræðimönnum á sviði menningarstefnu og opinberum hagstofum allra Norðurlandanna.

### **Þrjú meginmarkmið** **Kulturanalys Norden eru að:**

- A. Rannsaka og greina spurningar varðandi menningarstefnu.
- B. Koma á framfæri þekkingu og rannsóknnum.
- C. Skapa forsendur fyrir því að norræn menningartölfræði sé samræmd með kerfisbundnum hætti og með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Um síðasta liðinn var fjallað ítarlega í verkefninu Menningarstefna og skapandi greinar á krossgötum (e. Cultural Policy and Creative Industries at Crossroads). Á undanförunum árum hefur þannig þróast reglubundið samstarf á þessu sviði milli rannsóknastofnana norrænu landanna og eins á milli norrænu hagstofanna. Aukinn áhugi og vilji er til að vinna að sameiginlegum greiningum og samanburði. Það er hins vegar ljóst að enn er nokkuð í land með að fundinn verði samanburðarhæfur grundvöllur (Erna Kaaber, 2022).

Á málþinginu Skapandi greinar á tímamótum (e. Creative Industries at Turning Point) (Skapandi greinar á tímamótum, 2022) sem Háskólinn á Bifröst stóð fyrir í tengslum við undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina á Íslandi var unnið með rannsakendum og rannsóknastofnunum á sviði menningar og skapandi greina á öllum Norðurlöndunum. Danir, eins og Íslendingar, hafa verið samhlíða í undirbúningi að stofnun rannsóknaseturs og veitti Trine Bille, prófessor við Viðskiptaháskóla Kaupmanahafnar (e. Copenhagen Business School), ómetanlega innsýn í það ferli í fyrirlestri sínum á málþinginu (Háskólinn á Bifröst, 2022). Þá hefur mikilvægt samstarf hagstofanna orðið til á vettvangi sem kallast Samvinnuhópur norrænu hagstofanna um menningarhagtölur (NKKS) sem jafnframt var þátttakandi í ofangreindu tengslaneti. Samhlíða þessu hefur skilgreiningarvinna þróast innan Tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (e. Eurostat) sem Hagstofan Íslands og aðrar hagstofur Norðurlandanna taka mið af.

Síðla árs 2022 kom út skýrsla sem nefnist „Mælingar á menningu og skapandi geirum Evrópusambandsins“ (e. Measuring The Cultural and Creative Sectors EU) og sem styrkt var af Evrópusambandinu. (Vilares, M. o.fl., 2022)



## Meginmarkmið þeirrar gagnaöflunar er að:

- Gera skrá yfir helstu heimildir og gögn um menningu og skapandi geira, bæði opinberar og óopinberar, svo og upplýsingar um mælingar á stafrænni þjónustu.
- Gera mat á gæðum gagna og greina göt í gagnasöfnum með áreiðanleika og samanburðarhæfni Evrópusambandslanda í huga.
- Greina útgáfur og upplýsingar um mælingar á stafrænni þjónustu og notkun gagnagreiningartækja til að mæla viðskipti og neyslu á stafrænni menningu, stafrænum menningarvörum og þjónustu.
- Draga fram dæmi frá einstökum löndum og stofnunum sem eru til fyrirmyndar og geta nýst í öðrum löndum.

Tillögur að úrbótum felast meðal annars í að endurskoða rammann sem notaður er við skilgreiningar á menningu og skapandi greinum, hins vegar að ná utan um stafræna menningu og stafrænt hagkerfi innan skapandi greina.

Þá er fjallað um að Evrópa þurfi sterkari og snjallari stefnu innan MSG sem byggir á tölfræðilegum staðreyndum. Bent er á að í Covid-19 heimsfaraldrinum hafi komið í ljós að þörf er á miklu virkari og ákveðnari stefnu. Endurskilgreina þurfi rammann sem notaður er fyrir MSG og ná þurfi utan um stafræna menningu, þar sem tekið er tillit til stafræns hagkerfis sem varðar geirann (Vilares, M. o.fl., 2022). Þá kemur fram að við vinnu skýrsluhöfunda hafi komið í ljós að mikið er til af gagnlegum gögnum hjá hagstofum margra ríkja sem ekki eru nýtt. Ennfremur að áhrif heimsfaraldursins hafi undirstrikað mikilvægi gagnaöflunnar og upplýstra aðgerða vegna geirans. Á þetta er bent í breskum rannsóknnum um tengsl nýsköpunar við skapandi hagkerfi samhliða hagrænum vexti. Bent er á að það auki mikilvægi rannsókna og greininga fyrir framsækna stefnumótun geirans (Newbiggin, J. 2019).

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur kortlagt hvaða ólíku forsendur liggja að baki skilgreiningum í mismunandi aðildarlöndum (OECD, 2022, bls. 2). Í skýrslunni er hvatt til frekari samræmingar á gagnasöfnum. Þar er ennfremur fjallað um hvernig stjórnvöld geti nýtt sér kosti menningar og skapandi greina með því að:

- Líta á menningu sem hagræna og félagslega fjárfestingu fremur en sem útgjaldalið.
- Skapa jöfn skilyrði einstaklinga og fyrirtækja innan skapandi greina varðandi vinnuvernd, félagsleg réttindi og stuðning við nýsköpun og fyrirtækjarekstur.
- Skoða meginstraumsmenningu sem óaðskiljanlegan hluta af heildarstefnumótun er varðar félagslega samheldni, nýsköpun, heilsu og vellíðan, umhverfismál og sjálfbærni í staðbundnu samhengi.
- Halda áfram að stoppa í götin sem eru í gagnasöfnun til að geta betrubætt stefnumótun.

Rannsóknasetur skapandi greina á Íslandi mun leika lykilhlutverk í að stuðla að þekkingaröflun, umbótum og samanburðarhæfni í takti við það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar.

## 4. Verkbættir og skýrslur unnar í undirbúningsferlinu

Markmiðið með vinnu stjórnarinnar var að undirbyggja tillögur að rannsóknasetri skapandi greina með fjölþættri gagnaöflun, greiningu og samráði.

Í samkomulagi við stjórnvöld var kveðið á um að unnin yrði þarfagreining fyrir rannsóknasetur skapandi greina og kortlagning greinanna á Íslandi. Ennfremur yrði skoðuð þróun mælaborðs og unnið að eflingu á alþjóðlegu rannsóknasamstarfi.

### Þarfagreining

Víðtæk þarfagreining var unnin meðal hagaðila innan skapandi greina, fulltrúa stjórnvalda, stéttarféлага, atvinnulífs og rannsækenda frá febrúar og fram í maí 2022.

Í þarfagreiningunni var leitast við að meta þarfir og væntingar ólíkra markhópa til rannsóknaseturs fyrir menningu og skapandi greinar. Greiningin var í formi spurningakönnunar og vefumræðuborða en einnig voru haldin rýnihópaviðtöl við fulltrúa stéttarféлага annars vegar, og rannsækendur hins vegar. Þá voru haldnir fundir með forstöðumönnum miðstöðva lista og skapandi greina, starfsfólki Hagstofu Íslands, fulltrúum landshlutasamtaka og Samtökum iðnaðarins. Könnunin tók til um 1000 manns og um 400 manns svöruðu. Rúmlega 20 manns tóku þátt í vefumræðuborði. Um 60 manns tóku þátt í rýnihópavinnu og notendafundum. Tæplega 80 manns mættu á málþing þar sem vinnan við þarfagreininguna og drög að skýrslum, sem hér eru í viðaukum, voru kynntar. Alls komu því meira en 500 einstaklingar að þessari vinnu með einum eða öðrum hætti.

Haldinn var notendafundur í samstarfi við Hagstofu Íslands í júní 2022 til að rýna niðurstöður þarfagreiningar

og stöðu gagnasöfnunar. Þá var haldinn opinn fundur þann 29. mars 2022 með fulltrúum frá Telemark Research Institute í Noregi þar sem norska menningarvísitalan (e. Norway Cultural Index) og aðferðafræði sem beitt er við þróun hennar var kynnt og leiðir rýndar til að skoða skapandi starfsemi og stöðu skapandi greina í dreifbýli á Íslandi með sambærilegum hætti.

Niðurstöður þarfagreiningar sýna margvíslegar væntingar til hlutverks og verkefna Rannsóknaseturs skapandi greina. Hér er yfirlit yfir helstu niðurstöður en ítarlega samantekt Maríu Kristínar Gylfadóttur um þarfagreininguna er að finna í [VIÐAUKA 1](#).

### Helstu niðurstöður þarfagreiningar – hvað þarf Rannsóknasetur skapandi greina að gera?

- Stuðla að vandaðri og heildstæðri gagnasöfnun og rýni. Vinna úttektir og miðla rannsóknaniðurstöðum sem tengjast málefnum skapandi greina.
- Stuðla að frjórri og upplýstri umræðu um skapandi greinar og þróun þeirra. Auka þekkingu og skilning almennings og stjórnvalda á mikilvægi greinanna fyrir ólík svið samfélagsins.
- Halda úti mælaborði skapandi greina sem miðlar efnahagslegu umfangi þeirra.
- Skilgreina hugtök í umræðu um skapandi greinar og skapa rými fyrir mismunandi rannsóknaaðferðir og þverfaglega samvinnu, s.s. með áherslum á velsæld,

lýðheilsu, efnahag, félagslega, menningarlega og samfélagslega þætti.

- Byggja brú milli rannsækenda og stofnana, háskóla og fyrirtækja, héraendis og erlendis. Stuðla að rannsóknasamstarfi, m.a. með aðstoð við tengslamyndun rannsækenda og sókn í sjóði.
- Stuðla að fjölþættum rannsóknum, m.a. á starfsumhverfi fólks í skapandi greinum og störfum, opinberri fjárfestingu, áhrifum greinanna á byggðaðróun og nýsköpunarvirkni, og menningarneyslu og -þátttöku.

Niðurstöður þarfagreiningarinnar nýttust sem grunnur að áherslum undirbúningsstjórnar í þessari skýrslu.

## Kortlagning á menningu og skapandi greinum

Undirbúningsstjórnin lét í framhaldinu vinna fimm skýrslur til að ná utan um ákveðna þætti sem fram komu í þarfagreiningu og til að fá stöðumynd af því hvernig skapandi greinar standa í dag. Skýrslurnar eru:

### VIÐAUKI 2:

**Rannsóknáherslur sem styrkja þróun menningar og skapandi greina** (e. Research agendas supporting the development of Cultural and Creative Industries (CCIs)) eftir Stuart Cunningham, Scott Brook, Marion McCutcheon.

### VIÐAUKI 3:

**Skilgreiningar á skapandi greinum** (e. Definitions of CCI) eftir Stuart Cunningham, Scott Brook, Marion McCutcheon.

### VIÐAUKI 4:

**Styrkir til menningar og skapandi greina** eftir Dagbjörtu Unu Helgadóttur.

### VIÐAUKI 5:

**Opinber útgjöld til menningarmála á sveitastjórnarstigi** eftir Ernu Kaaber.

### VIÐAUKI 6:

**Staða sjálfstætt starfandi í skapandi greinum á Íslandi** eftir Heiðu Björk Þórbergsdóttur.

## Tillögur um rannsóknáherslur fyrir Rannsóknasetur skapandi greina á Íslandi

Í VIÐAUKA 2 með þessari skýrslu er fjallað um rannsóknáherslur. Það eru Ástralarnir Stuart Cunningham, Scott Brook og Marion McCutcheon sem tóku efnið saman að beiðni undirbúningsstjórnar. Þau voru beðin að greina og gefa yfirlit yfir alþjóðlega þróun rannsókna á menningu og skapandi greinum og skoða það í samhengi við mögulega rannsóknáætlun væntanlegs Rannsóknaseturs skapandi greina á Íslandi. Skýrsluhöfundar tóku mið af íslenskum aðstæðum eins og kostur var. Skýrslan nefnist Rannsóknáætlun sem styður þróun menningar og skapandi greina (MSG) (e. Research agendas supporting the development of Cultural and Creative Industries (CCI)).

Í skýrslunni er bent á fimm undirliggjandi hugtök og stefnumarkandi málefni sem geta haft áhrif á allar rannsóknir á menningu og skapandi greinum á Íslandi. Hér er yfirlit yfir þessi fimm stefnumarkandi málefni sem dregin eru fram sem grunnur að rannsóknáherslum nýs seturs.

## Stefnumarkandi málefni fyrir nýtt rannsóknasetur:

- **Skilningur og greining á hugtökum sem liggja til grundvallar rannsóknum á menningu og skapandi greinum.**

Á hugmyndafræðilegum vettvangi er mikilvægt að skilja uppruna skapandi greina sem lið í stefnumörkun stjórnvalda og aðila í atvinnulífinu fremur en hefðbundna fræðigreina eða fræðasvið. Því er mikilvægt að horfa til þróunar rannsóknáherslna sem tengjast stefnu, málefnum og hagsmunum atvinnugreinanna.

- **Þrjúþætt grunngildi: Efnahagsleg, menningarleg og samfélagsleg nálgun.**

Eitt af meginviðfangsefnum rannsókna á menningu og skapandi greinum eru tengslin á milli efnahags-, menningar- og samfélagslegra þátta innan skapandi greina. Við mótun rannsóknaráherslna er því mikilvægt að huga að samhengi þessara þátta, þrátt fyrir að einstaka rannsóknir geti lagt áherslu á einn fram yfir annan.

- **Dreifbýli: menning og skapandi greinar í dreifbýli og tækifæri til nýsköpunar.**

Hér eru dregnar fram rannsóknáherslur sem ríma við áherslur IN SITU rannsóknarinnar (IN SITU, 2022), sem Háskólinn á Bifröst er þátttakandi í ásamt 13 rannsóknastofnunum í 12 Evrópulöndum. Rannsóknin er studd af Horizon áætlun Evrópusambandsins og stendur yfir frá 2022–2026. Í henni eru skoðuð áhrif menningar og skapandi greina á nýsköpun og

samfélagsþróun í dreifbýli. Bent er á að rannsóknir í þessum efnum hafi skort og dregnar eru fram niðurstöður úr sambærilegri rannsókn í Ástralíu.

- **Skapandi starfsemi sem „starfsgrein“ og mælanleg menningarleg starfsemi**

Í þessum kafla er fjallað um menningarvísu og skapandi störf. Hér er áhersla á a) að gefa tilfinningu fyrir breidd viðfangsefna sem rannsóknáætlanir geta náð yfir (sérstaklega í ljósi þeirra sjónarmiða sem komu fram í þarfagreiningu á meðal íslenskra hagaðila vorið 2022), og b) að sýna fram á að hagrænar rannsóknir á menningu og skapandi greinum geti stutt fullkomlega við aðrar rannsóknáherslur og stefnumörkun stjórnvalda.

- **Yfirsýn yfir alþjóðlega strauma – rannsóknaráætlanir og forgangsverkefni.**

Þessi kafla veitir yfirsýn yfir helstu þemu í alþjóðlegum rannsóknum á menningu og skapandi greinum og byggir á samantekt frá 2016 á viðfangsefnum akademískra rannsókna á skapandi greinum á árunum 1997–2012 →(Cho, R. L. T., Liu, J. S., og Hsiu-Ching Ho, M., 2016) fimm atriði sem koma endurtekið fyrir eru dregin fram:

- A. Áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á skapandi greinar.
- B. Alþjóðavæðing og skapandi greinar.
- C. Sérstaða skapandi greina í samhengi starfs- og fyrirtækjaþróunar.
- D. Tækniþróun.
- E. Svæðisbundin uppbygging og klasar; lönd, borgir og landshlutar sem vettvangur skapandi starfa og skapandi greina og stefnumótun sem að því miðar.

Þess utan eru vitaskuld óteljandi önnur rannsóknaviðfangsefni í menningu og skapandi greinum enda mikil gróska í greinunum. Þverfaglegar nálganir, STEAM og gildi skapandi greina í öðrum stoðum hagkerfisins eru spennandi viðfangsefni rannsókna þar sem mikil skörun er milli ólíkra fræðasviða.

Einstaka atvinnugreinar og undirgreinar eru viðfangsefni umfangsmikilla rannsókna víðsvegar í heiminum. Ýmsar áskoranir fylgja þróun hugverkaréttar og viðskiptavæðingar í skapandi greinum. Menntun og þjálfun innan menningar og skapandi greina er einnig mikilvægt viðfangsefni í rannsóknum í ljósi þess að rannsóknir og menntun þurfa að haldast í hendur í háskólum. Þá er áfram brýnt að skoða skilgreiningar, gagnaöflun og mælingar. Í nútímastefnumótun er mikilvægt að tengja framtíðarsýn, aðgerðir og mælingar.

### **Alþjóðlegar skilgreiningar á menningu og skapandi greinum og tölfræðileg gögn á Íslandi**

Í skýrslunni í **VIÐAUKA 3**, Skilgreiningar á skapandi greinum og þróun þeirra, er fjallað um ólíkar alþjóðlegar skilgreiningar. Skýrslan er unnin af Stuart Cunningham, Scott Brook og Marion McCutcheon. Þau voru beðin að greina mismunandi skilgreiningar á menningu og skapandi greinum og gefa yfirlit yfir notkun þeirra á heimsvísu. Þau voru einnig beðin um að skoða hvaða ályktanir má draga af núverandi hagtölum og gagnasöfnun á Íslandi, eða skorti á þeim, og hvernig það skilgreinir atvinnuvegin. Í skýrslunni fjalla þau um hvernig hugtökin skapandi iðnaður, skapandi hagkerfi og menning og skapandi greinar (MSG) hafa verið skilgreind á síðustu áratugum, m.a. af Work Foundation (2007), Nesta (2006), UNESCO (2009) og Eurostat (2018).

## **Helstu viðfangsefni viðauka 3:**

- Yfirlit yfir sögulega þætti í þróun hugmyndarinnar um skapandi iðnað, umræður og gagnrýni.
- Helstu kenningar tengdar skilgreiningum menningar og skapandi greina í Evrópu, Bretlandi og Ástralíu ásamt leiðbeiningum.
- Umfjöllun um muninn á því að líta á MSG sem atvinnugreinar eða skapandi hagkerfi. Hugtakið skapandi hagkerfi er hér notað um það hvernig skapandi færni teygir anga sína inn í atvinnulífið þvert á greinar.
- Umfjöllun um atvinnugreiningarlíkan sem tekur mið af skapandi færni sem ákveðin störf krefjast og byggir á nýlegum hliðarreikningum (e. Satellite Accounts) í Ástralíu. Hér er gerður huglægur greinarmunur á menningarframleiðslu sem annars vegar skapandi færni (aðföng) og svo hins vegar menningarvarningi og menningarþjónustu (afurðum).
- Áskoranir í samræmingu á menntun og atvinnuþróun í skapandi greinum. Umfjöllun um áskoranir sem mætt hafa t.d. Bretum og Áströlum þegar kemur að umbótum á háskólastigi. Háskólamenntun er byggð upp í kringum sögulega þekkt fræðasvið sem núverandi atvinnuþróun tekur lítt mið af. Tvískiptingin hefur verið ráðandi milli annars vegar vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði (STEM) og hins vegar hugvísinda, og félagsvísinda (HASS).
- Kortlagning á skapandi störfum á Íslandi.

Eins og í **VIÐAUKA 2** leggja þau áherslu á nauðsyn þess að tileinka sér agaðan skilning á MSG byggðan á þekkingu bæði hvað varðar tölfræði, fræðilega nálgun og úr atvinnulífinu sjálfu. Um leið er mikilvægi þess undirstrikað að ákveðinn sveigjanleiki sé til staðar til að ná fram bestu mögulegu verkferlum hjá þeim sem stýra þróun mála á Íslandi.

Í **VIÐAUKA 3** er einnig að finna bráðabirgðakortlagningu Cunningham, Brook og McCutcheon á skapandi hagkerfi á Íslandi. Hún var unnin með hliðsjón af vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands og „dynamic model of the CCI“ (Cunningham, S., Brooks, S. og McCutcheon, M., 2023).

TAFLA 1

## Skapandi störf

	Skapandi greinar	Aðrar greinar	Alls
Skapandi störf	9.749	14.728	24.477
Önnur störf	8.816	176.126	184.942
<b>Alls</b>	<b>18.565</b>	<b>190.854</b>	<b>209.419</b>

Árið 2022 voru alls 33.293 starfandi hérlendis í „skapandi störfum“ samkvæmt nálgun Cunningham, Scott og McCutcheon, eða 15,9% alls vinnuafls.

Tæp 5% vinnuaflsins voru í skapandi störfum í skapandi greinum. Rúmlega 4% voru í öðrum störfum en starfandi innan skapandi atvinnugreina og 7% voru í skapandi störfum en starfandi utan skapandi greina.

## Niðurstöður bráðabirgðakortlagningar sýnir eftirfarandi:

- Starfandi í menningu og skapandi greinum fjölgaði um tæp 50% milli ára 2003 (11%) og 2022 (15,9%).
- Frá upphafi aldarinnar hefur þeim sem starfa í menningu og skapandi greinum fjölgað allt að þrisvar sinnum hraðar en öðrum starfandi á Íslandi.
- Af þeim sem eru í skapandi störfum, starfa fleiri utan skapandi atvinnugreina en innan þeirra.
- Í skapandi atvinnugreinum starfa að meðaltali 1,5 sinnum fleiri í öðrum afleiddum störfum en í skapandi störfum, þ.e. í eiginlegri listsköpun eða kjarnastarfsemi menningar.
- Tæplega 2/3 starfandi í skapandi greinum eru í skapandi þjónustugreinum, en rúmlega 1/3 í menningarframleiðslu.
- Starfandi í skapandi þjónustugreinum fjölga meira en tvöfalt á við allt vinnuafl á Íslandi á meðan atvinna í menningarframleiðslu dregst saman.
- Fjölgun starfandi er mest innan þjónustugreina sem hafa meiri markaðslega áherslu, til að mynda hugbúnaðargerð, hönnun og arkitektúr. Starfandi fækkar aftur á móti mest í útgáfustarfsemi.

Bent er á í niðurstöðunum að frekara niðurbrot þurfi á tölfræðilegum gögnum á Hagstofu Íslands svo hægt sé að greina betur ákveðna þætti. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar og gefa tilefni til frekari rýni og rannsókna.

## Styrkir til menningar og skapandi greina

Úttektin, Styrkir til menningar og skapandi greina í **VIÐAUKA 4** er eftir Dagbjörtu Unu Helgadóttur sem hlaut til þess styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Vinnunni lauk haustið 2022 og taka því allar tölur mið af því.

Úttektin byggir á menningarvísunum frá Hagstofu Íslands 2021, en þar er að finna upplýsingar úr mánaðarlegum staðgreiðslu- og mannfjöldagögnum, gögnum um rekstrartekjur og skattframtöl rekstraraðila, niðurstöður úrtaksrannsóknar á skipulagsheildum og árlegum vinnumarkaðskönnunum. Þá byggir úttektin á upplýsingum um umsóknir og fjárveitingar frá helstu styrktarsjóðum skapandi greina sem skýrsluhöfundur fékk í flestum tilvikum frá Rannís, en í nokkrum tilvikum beint frá umsýsluaðilum sjóðanna, s.s. miðstöðvum lista og skapandi greina.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur eftirspurn eftir fjármagni úr styrktarsjóðum aukist umtalsvert s.l. ár og rekstraraðilum hefur fjölgað mikið. Launasumma, rekstrartekjur og fjöldi starfandi hefur einnig aukist mikið, en þessir mælikvarðar mældust þó hærri árið 2017 og mældust aðeins lægri í gögnum frá 2019 og 2020.

Að teknu tilliti til þeirra gagna sem voru skoðuð við gerð skýrslunnar má ætla að umfang skapandi greina á Íslandi sé vanmetið og að með aukinni og breyttri gagnaöflun mætti fá betri yfirsýn.

## Tillögur til úrbóta fyrir gagnaöflun og úrvinnslu

- Safna þarf kerfisbundið gögnum um einyrkja innan skapandi greina.
- Lækka þarf tekjulágmark einstaklinga og rekstraraðila í gögnum Hagstofu.
- Auka þarf fræðslu og eftirlit með skráningum ÍSAT númera hjá Ríkisskattstjóra.
- Auka þarf rannsóknir á skapandi störfum utan skapandi greina með hliðsjón af ÍSAT atvinnugreinaflokkun.
- Auka þarf samstarf milli sjóða um staðlað vinnulag í upplýsingaöflun sjóða, s.s. við gerð umsóknareyðublaða og samantekt tölfræði í kjölfar úthlutana og/eða koma á miðlægum gagnagrunni yfir styrkumsóknir og styrkveitingar.
- Gera nafnlausar kannanir til þess að meta kaup/sölu á svartri þjónustu/vöru innan skapandi greina.

## Samantekt um útgjöld hins opinbera á sveitarstjórnarstigi

**VIÐAUKI 5** Skýrslan, Opinber útgjöld til menningarmála á sveitastjórnarstigi, er eftir Ernu Kaaber sem starfar sem sérfræðingur við Háskólann á Bifröst í Evrópurannsókninni IN SITU sem fjallar um áhrif menningar og skapandi greina á nýsköpun og samfélagsþróun á landsbyggðum. Í því starfi hefur hún m.a. nýtt eigin rannsóknir á íslenskri menningarstefnu og menningarútgjöldum. Í skýrslunni er fjallað um framlög til menningarmála með hliðsjón af byggðaáætlun, sóknaráætlunarsamningum, fjármögnun þeirra og skiptingu milli landshluta, uppbyggingasjóða, áhersluverkefna og framlaga ólíkra stjórnsýslustiga. Í skýrslunni er einnig rýnt í mælaborð Byggðastofnunar.

### Helstu niðurstöður:

- Sveitarfélög hafa takmarkað aðgengi að upplýsingum og greiningum á hagrænum gögnum.
- Sveitarfélög skila gögnum ársfjórðungslega til Hagstofunnar sem greinir þau samkvæmt alþjóðlegum staðli sem leggur aðaláherslu á mat á efnahagslegum áhrifum opinbers reksturs.
- Tölfræðistofnun Evrópu (e. Eurostat) hefur bent á að vegna áhrifa menningar á hagræna þróun, vellíðan og samheldni í samfélaginu geti gagnasöfnun og úrvinnsla gagna ekki einvörðungu skýrt áhrif menningar á heildarefnahag heldur einnig margvíslega aðra félagslega þætti. Skortur á gagnasöfnun hamli því að þekking skapist sem leitt gæti til skilvirkrar

stefnumótunar og mats. Mikilvægt sé að efla gagnasöfnun og greiningu á útgjöldum hins opinbera til menningar og skapandi greina svo auka megi gagnsæi í ákvarðanatöku og úthlutun opinbers fjármagns.

- Töluverð vinna er framundan við að samræma gagnasöfnun og gera hana aðgengilegri í samstarfi RSG, Byggðastofnunar og Hagstofu Íslands, í þeim efnum væri m.a. gagnlegt að horfa til vinnu Telemark Research Institute og Norsku menningarvísitölunnar (e. Norway Cultural Index) (Telemarkforskning, e.d.).

### Staða sjálfstætt starfandi innan skapandi greina á Íslandi

Staða einyrkja og sjálfstætt starfandi innan skapandi greina er viðfangsefni **VIÐAUKA 6**. Skýrslan er eftir Heiðu Björk Þórbergsdóttur og byggir á BA ritgerð hennar við Háskólann á Bifröst vorið 2023. Heiða Björk hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóð námsmanna til að framkvæma meginlega rannsókn sumarið 2022 og fylgdi því síðan eftir með eigindlegri rannsókn þegar hún vann ritgerðina. Skýrslan er byggð á ritgerðinni.

Mikið var rætt og ritað um stöðu einyrkja og sjálfstætt starfandi innan menningar og skapandi greina í tengslum við heimsfaraldurinn. Skortur á gögnum virtist verða til þess að erfitt var að móta aðgerðir sem hentuðu fyrir þennan hóp, einkum og sér í lagi þá sem starfa við sviðslistir. Unnin var könnun meðal félagsmanna sex fagfélaga atvinnugreina innan skapandi greina. Til að sannreyna niðurstöður leitaði höfundur síðar til Vinnumálastofnunar til að fá upplýsingar um hversu margir innan skapandi greina hefðu leitað þangað og átt bótarétt. Sökum þess að stofnunin var að taka upp nýtt



upplýsingakerfi á þeim tíma sem upplýsinga var óskað var ekki hægt að nálgast nein gögn.

Í eigindlegu rannsókninni var tekið viðtal við sex einstaklinga sem allir starfa innan menningar og skapandi greina.

## Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta:

- Margar brotalamir eru í núverandi kerfi og skortur á starfsöryggi og þekkingu á réttindum.
- Endurskoða þyrfti lög um verktöku, sem eru frá árinu 1930.
- Samræma þarf hugtakanotkun og skilgreiningar við nágrannalönd, þ.m.t. atvinnugreinaflokkun.
- Huga þarf að kerfis- og lagabreytingum sem bæta starfsöryggi og bótarétt sjálfstætt starfandi.
- Aðlaga þarf skattalög að nýjum og breyttum störfum á stafrænum vettvangi.
- Auka þarf fræðslu fyrir sjálfstætt starfandi innan menningar og skapandi greina um réttindi, skráningar og skattalög.

### Þróun mælaborðs skapandi greina

Þróun mælaborðs skapandi greina hefur verið skoðuð í tengslum við þróun á GAGNÍS (GAGNÍS, e.d.) sem tekur við rannsóknagögnum, hýsir þau í opnum aðgangi og tryggir vísindasamfélaginu og almenningi aðgengi að þeim til framtíðar án endurgjalds. GAGNÍS er þjónustuaðili

Samtaka evrópskra gagnavarðveislusafna í félagsvísindum (CESSDA ERIC). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands leiðir þróun GAGNÍS í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst.

Þegar búið er að skilagreina hvaða hliðarreikninga (e. satellite accounts) og ítargögn RSG vill leggja áherslu á verður hægt að hlaða gagnasöfnum inn á gagnagrunn GAGNÍS og nýta þau í bakendann fyrir mælaborð, sem ráðgert er að RSG þrói og viðhaldi.

Ennfremur er vert að skoða í þessu samhengi þær hugmyndir um tillögur að umbótum á gagnaöflun og gagnavinnslu sem fram koma í viðaukum 4, 5 og 6. Þá er vert að horfa til norska menningarmælaborðsins sem þróað hefur verið af Telemarkforskning. (Telemarkforskning, e.d.)

Verið er að þróa fræðsluefni fyrir rannsakendur til að auðvelda þeim að koma gögnum inn í gagnagrunninn. Áhersla er lögð á meginleg gögn til að byrja með en ætlunin er að geta líka sett inn eigindleg gögn. Í skýrslum sem hér hafa verið kynntar má sjá vísi að meginlegum rannsóknum og gögnum sem geta nýst í slíkum gagnagrunni til að matreiða töluleg gögn fyrir mælaborð.

### Efling á alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi

Norrænt tengslanet byggðist upp samhliða undirbúningsvinnu að stofnun RSG. Þetta var gert til að bera saman bækur okkar við norrænu löndin og skoða hvaða áskorunum rannsakendur og hagstofur í nágrannalöndunum standa frammi fyrir. Undirbúningsstjórn taldi mikilvægt að koma á alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi sem nýst gæti RSG, og leiddi Háskólinn á Bifröst styrkumsóknir vegna norræns samstarfs og var samstarfsaðili í Evrópurannsókninni IN SITU.

## Málþing og stofnun norræns tengslanets

Í byrjun árs 2022 var efnt til norræns málþings sem Háskólinn á Bifröst átti frumkvæði að með stofnun norræns tengslanets. Tengslanetið stóð fyrir málþingi undir yfirskriftinni [→ „Menningarstefna og skapandi greinar á krossgötum”](#) (e. Cultural Policy and Cultural Industries at Crossroads 2022) (Erna Kaaber, 2022). Þátttakendur voru frá Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Eistlandi og komu bæði frá rannsóknastofnunum og hagstofum viðkomandi landa<sup>2</sup>. Helstu niðurstöður málþingsins voru að tengslanet sem þetta myndi auka þekkingu varðandi gagnaöflun og aðferðarfræði og auðvelda störf innan landanna með samvinnu. Efla þarf gagnasöfn og samræma eins og hægt er til að auka samanburðarhæfni á milli Norðurlandanna. Eins þarf að auka aðgengi og efla og þróa það samstarf sem þegar hefur verið komið á fót.

## Þáttaka í alþjóðlegri rannsókn

Á sama tíma þróaðist tengslanet í gegnum rannsókn sem kallast [→ IN SITU](#) (IN SITU, 2022), þar sem þrettán rannsóknastofnanir frá tólf löndum vinna saman að því að skoða áhrif skapandi greina á nýsköpun og samfélagsþróun í dreifbýli. Vesturland er eitt af sex tilraunasvæðum í Evrópu í þessari rannsókn, sem mun standa til ársins 2026. Háskólinn á Bifröst er íslenski rannsóknaaðilinn, en rannsóknateymið samanstendur af

<sup>2</sup> Menningarstefna og skapandi greinar á krossgötum. Samstarfsaðilar í tengslanetinu sem tóku þátt: Háskólinn á Bifröst, Viðskipta- og hagfræðiháskólinn í Linnaeus í Svíþjóð, Háskólinn í Hróaskeldu í Danmörku, Háskólinn í Tartu í Eistlandi, Telemark rannsóknastofnunin í Noregi, CUPORE rannsóknastofnunin í Finnlandi, Tallinn Music Week/Shiftworks í Eistlandi, Tampere Hall í Finnlandi, Norræna menningagreiningarverkefnið (s. Kulturanalys Norden), Samvinnuhópur um menningarhagtolur (NKKS): Hagstofa Íslands, Hagstofa Danmerkur, Hagstofa Finnlands, Hagstofa Færeyja, Hagstofa Noregs, Hagstofa Svíþjóðar (s. Kulturanalys).

Ernu Kaaber sérfræðingi, Önnu Hildi Hildibrandsdóttur lektor og Vífli Karlssyni prófessor.

Skapandi greinar á tímamótum, málþing um framvindu undirbúnings rannsóknaseturs var haldið 26. október 2022. Þar voru kynntar helstu niðurstöður af vinnu undirbúningsstjórnarinnar og ákveðin viðfangsefni rædd í fjórum umræðuhópum. Niðurstöður úr umræðum þeirra hópa nýttist m.a. við gerð þessarar samantektar. (Skapandi greinar á tímamótum, 2022).

Trine Bille menningarhagfræðingur og prófessor við Kaupmannahafnaháskóla (Trine, B., 2022) [→https://www.youtube.com/watch?v=SS9ZLWuZSIQ](https://www.youtube.com/watch?v=SS9ZLWuZSIQ) hélt erindi sem fjallaði um mikilvægi menningarstefnurannsókna. Stuart Cunningham prófessor emeritus við Auckland University of Technology hélt erindi þar sem hann kynnti vinnu sína fyrir undirbúningsstjórnina og fjallaði um mikilvægi þess að enduruppötva möguleikana sem felast í menningu og skapandi greinum á Íslandi (Cunningham, C., 2022) [→https://www.youtube.com/watch?v=KK1nj0LZcTo](https://www.youtube.com/watch?v=KK1nj0LZcTo). Bæði Bille og Cunningham hafa tekið að sér verkefni sem ráðgefandi sérfræðingar við að efla rannsóknavirkni á sviði menningar og skapandi greina í meistara- og doktorsnámi á Íslandi í tengslum við styrk sem fékkst úr Samstarfssjóði háskólanna til verksins. Að því verkefni standa Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands.

Þau tengslanet og samstarf sem byggst hefur upp í undirbúningi að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina mun þannig áfram nýtast við að móta og þróa rannsóknáherslur, miðla niðurstöðum og efla samstarf við alþjóðlega rannsakendur og rannsóknastofnanir á sviði menningar og skapandi greina.

## 5. Lokaorð

Vægi menningar og skapandi greina hefur komið æ betur í ljós í þeirri öru tækniþróun og alþjóðavæðingu sem orðið hefur undanfarin ár. Þrátt fyrir að vöxtur geirans hafi komið fólki í opna skjöldu fyrir rúmum áratug á Íslandi hefur aðeins nýverið tekist að koma upp tölfræðigrunni sem nýta má til upplýstrar stefnumótunar. Í þeirri vinnu sem hér hefur verið dregin saman er ljóst að þörfin fyrir auknar rannsóknir er brýn. Allar hagrænar mælingar benda til þess að mikill vaxtasproti sé í greininni á alþjóðavísu og bráðabirgðatölur sýna að á Íslandi virðist hraðari vöxtur en annars staðar í þessum efnum. Þá benda erlendar rannsóknir til þess að félagsleg áhrif menningarinnar séu víðtæk og taka þurfi tillit til þeirra í almennri stefnumótun stjórnvalda.

Á sama tíma eru alþjóðlegar stofnanir að kortleggja hvernig bæta megi gagnasöfn og efla rannsóknir á ákveðnum sviðum til að skoða hvaða hlutverk menning og skapandi greinar leika í þeim miklu samfélags- og atvinnuháttabreytingum sem nú eiga sér stað.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á skapandi greinar á undanförunum árum eins og áhugi þeirra á stefnumótun einstakra geira sýnir. Samhliða því hefur verið lögð áhersla á að efla endurgreiðsluferfið í bókmenntum, kvikmyndum og tónlist um leið og rannsókn- og þróunarstyrkir til hugverkageirans hafa verið auknir.

Það er mikilvægt að huga að þekkingaröflun í gegnum rannsóknir til að skoða hvort áætlaður árangur náist með stefnumótun og aðgerðaráætlunum stjórnvalda. Um leið er áriðandi að þekkingarsamfélagið endurspegli menningar-, samfélags- og efnahagsleg áhrif skapandi greina í samtíð og framtíð, ekki síst á tímum örrar tækniþróunar og gervigreindar.

Sú vinna sem ráðist var í vegna undirbúnings Rannsóknaseturs skapandi greina hefur dregið fram mikilvægi þess að skilja betur margþætt áhrif geirans í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Það er því mikilvægt að stuðla að samstarfi stjórnvalda, hagaðila geirans og allra háskóla á Íslandi til þekkingaruppbyggingar og miðlunar með margvíslegum hætti. Grunnur og samhæfing slíks samstarfs þarf að eiga sér stað með skipulegum og skýrum hætti.

Listin er sífelld nýsköpun og nýsköpun er sífelld leit að framförum fyrir mannkynið. Í sköpunarkraftinum býr orka sem þarf að leysa úr læðingi með farsæld samfélagsins og atvinnulífsins í huga.

## 6. Þakkir

Í undirbúningsvinnu þessari var leitað fanga víða og margir hafa lagt hönd á plóg sem ber að þakka.

Mikið og náíð samstarf var við starfsfólk Hagstofu Íslands, Erla Rún Guðmundsdóttir og Anton Örn Karlsson hafa unnið ósérhlífið starf við að miðla gögnum, og og rýna niðurstöður.

Þá hafa menningarfulltrúar landshlutanna komið með gagnlegar ábendingar á samráðsfundnum jafnt sem fulltrúar stéttafélaga, Samtaka skapandi greina og Samtaka iðnaðarins. Miðstöðvar lista og skapandi greina og Bandalag íslenskra listamanna sem standa að Samtökum skapandi greina hafa einnig lagt fram gögn og upplýsingar sem nýttust í vinnunni.

Nýsköpunarsjóður námsmanna studdi við tvö verkefni sem unnin voru af nemendum Háskólans á Bifröst og fylgja sem viðaukar við þessa skýrslu.

Helga Guðrún Jónsdóttir samskiptastjóri Háskólans á Bifröst bjó til vefsvæði fyrir efnismiðlun og hefur haldið utan um upplýsingamiðlun fyrir verkefnið. James Einar Becker, Bernharður Guðmundsson og Leifur Finnbogason sáu um streymi og upptökur á viðburðum sem haldnir voru í undirbúningsferlinu. Erna Kaaber hélt utan um málstofuna um skapandi greinar á krossgötum. Helga Rós Einarsdóttir og Þórný Hlynsdóttir aðstoðuðu við uppsetningu á heimildaskrá. Steinunn Stefánsdóttir, Ása Sigurlaug Harðardóttir og Ólína Þorvarðardóttir fá þakkir fyrir prófarkalestur.

Erla Rún Guðmundsdóttir (Hagstofa Íslands), Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (Félagsvísindastofnun HÍ), Thamar Heijstra (Háskóli Íslands), Njörður Sigurjónsson (Háskólinn á Bifröst), Erna Kaaber (Háskólinn á Bifröst) og Bergsveinn Þórisson (Háskólinn á Bifröst) hafa myndað hóp sérfræðinga sem leitað hefur verið til um ábendingar og rýni á þeirri vinnu sem átt hefur sér stað. Þá hafa fulltrúar allra háskóla í landinu sýnt þessari vinnu áhuga og mætt til skrafs og ráðagerða eins og óskað hefur verið eftir.

Nordplus Horizon styrkur fékkst til að koma á norrænu tenglaneti og standa fyrir málstofu um menningarstefnu og skapandi greinar á krossgötum sem leiddi til þess að fulltrúum rannsóknastofnana og hagstofanna á öllum Norðurlöndum og frá Eistlandi var boðið í samstarf í því augnarmiði að skoða hvernig auka megi samanburðarhæfni hagtalna og um leið samstarf í þeim efnum á milli landanna.

Háskólanum á Bifröst fékk einnig styrk úr Horizon Europe rannsóknasjóði Evrópusambandsins til samstarfs um IN SITU verkefnið sem rannsakar áhrif menningar og skapandi greina á nýsköpun og samfélagsþróun

á landsbyggðum. Verkefnið tengist tillögum um rannsóknáherslur og treystir enn frekar alþjóðlegt rannsóknasamstarf.

Undirbúningsstjórn fyrir stofnun Rannsóknaseturs RSG skapandi greina þakkar ennfremur öllum þeim sem hafa lagt þessari vinnu lið með þátttöku í könnun, vefumræðuborðum, rýnihópum, málstofum og notendafundum.

## 7. Heimilda – og myndaskrá

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. (e.d.) Hönnunarstefna 2014-2018. Hönnun sem drifkraftur til framtíðar. Stjórnarráð Íslands.  
→<https://www.stjornaradid.is/library/04-Raduneytin/Atvinnuvega---og-nyskopunarraduneytid/Stefnur/Honnunarstefna---netutgafa.pdf>
- APO Analysis & Policy Observatory. (1994). Creative Nation: Commonwealth Cultural Policy. Commonwealth Government.  
→<https://apo.org.au/node/29704>
- Åstedt, E., Hallin, G., & Strömlad, J. (2015). Utvärdering af KreaNord, Nordiska ministerrådets initiativ för kulturella och kreativa näringar 2008-2015.  
→<https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:843275/FULLTEXT01.pdf>
- Ágúst Einarsson. (2004). Hagræn áhrif tónlistar. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.
- Ágúst Einarsson. (2012). Hagræn áhrif kvikmyndalistar. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.
- Ágúst Einarsson. (2014). Hagræn áhrif ritlistar. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.
- Bille, T. (2022, 26. október). *The Importance of Cultural Policy Research for Cultural Policy*. YouTube.  
→<https://www.youtube.com/watch?v=SS9ZLWuZSIQ>

- Bína, V., Chantepie, P., Derion, V., Frank, G., Kommel, K., Kotýnek, J., og Robin, P. (2012). ESSnet-CULTURE European Statistical System Network on Culture, Final Report. Ministry of Culture Finances and cultural statistics department (CoStac).  
→[https://ec.europa.eu/assets/eac/culture/library/reports/ess-net-report\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/assets/eac/culture/library/reports/ess-net-report_en.pdf)
- Cho, R. L. T., Liu, J. S., og Hsiu-Ching Ho, M. (2016). What are the concerns? Looking back on 15 years of research in cultural and creative industries. *International Journal of Cultural Policy*, 24(1), 25–44.  
→<https://doi.org/10.1080/10286632.2015.1128417>
- Cunningham, S. (2022, 26. október). *(Re)discovering the potential of the cultural and creative industries in Iceland*. YouTube.  
→<https://www.youtube.com/watch?v=KK1nj0LZcTo>
- Cunningham, S., Brook, S. og McCutcheon, M. (2023). Rannsóknáherslur sem styrkja þróun menningar og skapandi greina (e. Cultural and Creative Industries (CCIs)). Háskólinn á Bifröst.  
→<https://www.bifrost.is/media/1/vidauki-2-rannsoknaaherslur-sem-styrkja-throun-menningar-og-skapandi-greina.pdf>
- Cunningham, S., Brook, S. og McCutcheon, M. (2023). Skilgreiningar á CCI [Skýrsla]. Háskólinn á Bifröst.  
→<https://www.bifrost.is/media/1/vidauki-3-skilgreiningar-a-menningu-og-skapandi-greinum.pdf>
- Dagbjört Una Helgadóttir. (2022). Styrkir til menningar og skapandi greina. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.  
→[www.bifrost.is/media/1/vidauki-4-styrkir-til-menningar-og-skapandi-greina-a-islandi.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-4-styrkir-til-menningar-og-skapandi-greina-a-islandi.pdf)

Department for Digital, Culture, Media & Sport. (1998). Transparency data. Creative Industries Mapping Document.

→<https://www.gov.uk/government/publications/creative-industries-mapping-documents-1998>

Deroin, V. (2011). European statistical Works on Culture: ESSnet-Culture Final report, 2009-2011. Culture Études, 8(8), 1–28.

→<https://doi.org/10.3917/cule.118.0001>

Erna Kaaber. (2022). Cultural Policy and Creative Industries at Crossroads. Háskólinn á Bifröst.

→<https://www.bifrost.is/english/crossroads>

Erna Kaaber. (2022). Opinber útgjöld til menningarmála á sveitastjórnarstigi. Háskólinn á Bifröst.

→[www.bifrost.is/media/1/vidauki-5-opinber-utgjold-til-menningarmala-a-sveitarstjornarstigi-1.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-5-opinber-utgjold-til-menningarmala-a-sveitarstjornarstigi-1.pdf)

Fleming, T., og Nilson-Andersen, P. (2007). Creative Economy Green Paper for the Nordic Region.

→<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:707122/FULLTEXT01.pdf>

Forsætisráðuneytið, mennta- og menningar- málaráðuneytið, innviðaráðuneytið, utanríkismálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2021, 10. ágúst). Kynntu aðgerðir til að efla skapandi greinar. Stjórnarráð Íslands.

→<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/08/10/Kynntu-adgerdir-til-ad-efla-skapandi-greinar/>

GAGNÍS. (e.d.). GAGNÍS. →<https://gagnis.is/is>

Hagstofa Íslands. (e.d.) Menningarvísar.

→<https://visar.hagstofa.is/menningarvisar/>

Halla Helgadóttir. (2020, 22. janúar). „Hvað er fólk eiginlega að pæla“—Af hugviti, listum og skapandi greinum. Vísir.

→<https://www.visir.is/g/20201431612d>

Heiða Björk fiórbergisdóttir. (2023). Staða sjálfstætt starfandi innan skapandi greina á Íslandi. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

→[www.bifrost.is/media/1/vidauki-6-sjalfstaett-starfandi-innan-skapandi-greina.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-6-sjalfstaett-starfandi-innan-skapandi-greina.pdf)

Ingólfur Bender. (2020, 9. desember). „Hugverkaiðnaður er fjórða stoðin“.

→<https://www.si.is/upplysingar-og-utgafa/greinasafn/hugverkaidnadur-er-fjorda-stodin>

IN SITU. (2022). Place-Based Innovation of Cultural and Creative Industries in Non-Urban Areas. INSITU

→<https://insituculture.eu/>

Krísturín Lind Birgisdóttir, Páll Valsson, Egill Örn Jóhannsson, Krístín Helga Gunnarsdóttir, Salka Guðmundsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson og Sigurður Guðmundsson. (2017). Skýrsla starfshóps um bókmenningsstefnu. Stjórnarráð Íslands.

→<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20b%C3%B3kmenningsstefnu.pdf>

Kulturanalys Norden. (e.d.). Kulturanalys Norden.

→<https://kulturanalys.se/en/kulturanalys-norden/>

- María Kristín Gylfadóttir. (2022). Samantekt á þarfagreiningu. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.  
[→www.bifrost.is/media/1/vidauki-1-samantekt-a-tharfagreiningu.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-1-samantekt-a-tharfagreiningu.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist: Ný útgáfa 2014. Stjórnarráð Íslands.  
[→https://www.stjornarradid.is/verkefni/fleiri-rit/rit/2014/10/23/Menningarstefna-i-mannvirkjagerd-stefna-islenskra-stjornvalda-i-byggingarlist-ny-utgafa-2014/](https://www.stjornarradid.is/verkefni/fleiri-rit/rit/2014/10/23/Menningarstefna-i-mannvirkjagerd-stefna-islenskra-stjornvalda-i-byggingarlist-ny-utgafa-2014/)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2017). Skýrsla starfshóps um bókmennningarstefnu.  
[→www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Skyrsla%20starfshops%20um%20bokmennningarstefnu.pdf](http://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Skyrsla%20starfshops%20um%20bokmennningarstefnu.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). Kvikmyndastefna til ársins 2030. Stjórnarráð Íslands.  
[→https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%C3%A1rsins%202030.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%C3%A1rsins%202030.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). Menningarsókn: Aðgerðaráætlun til 2023. Stjórnarráð Íslands.  
[→https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningars%c3%b3kn\\_a%c3%b0ger%c3%b0a%c3%a1%c3%a6tlun%20til%202030\\_vefbirting\\_1%20-%20Copy%20\(2\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningars%c3%b3kn_a%c3%b0ger%c3%b0a%c3%a1%c3%a6tlun%20til%202030_vefbirting_1%20-%20Copy%20(2).pdf)

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). Menningararfurinn - stefna um varðveislu og aðgengi.  
[→www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningararfsstefna\\_2021\\_vefbirting.pdf](http://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningararfsstefna_2021_vefbirting.pdf)
- Menningar- og viðskiptaráðuneyti. (2023). Útlínur framtíðar: stefna hönnunar og arkitektúrs til 2030.  
[→www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Menningar--og-vidskiptaraduneytid/Skyrsla%20um%20honnun%20og%20arkitektur%20til%202030.pdf](http://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Menningar--og-vidskiptaraduneytid/Skyrsla%20um%20honnun%20og%20arkitektur%20til%202030.pdf)
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young. (Maí 2011). Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina (bls. 128) [Skýrsla]. Stjórnarráð Íslands.  
[→https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/kortlagning\\_2011.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/kortlagning_2011.pdf)
- Newbigin, J. (2019). A Research Agenda for Creative Industries, Editors: S. Cunningham & T. Flew. In the creative economy—Where did it come from and where is it going? Edward Elgar Publishing.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. (2020). Nýsköpunarlandið Ísland. Stjórnarráð Íslands.  
[→https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Nyskopun/NSL%C3%8D1.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Nyskopun/NSL%C3%8D1.pdf)
- OECD. (2022). OECD (2022), The Culture Fix: Creative People, Places and Industries, (Local Economic Employment) [Local Economic and Employment Development (LEED)]. OECD.  
[→https://doi.org/10.1787/991bb520-en](https://doi.org/10.1787/991bb520-en)

Safnaráð. Stefnumörkun um safnastarf. (2021).  
[→www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/stefnumorkun%20um%20safnastarf\\_vefbirting.pdf](http://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/stefnumorkun%20um%20safnastarf_vefbirting.pdf)

Stjórnarráð Íslands. (2021). Skapandi Ísland.  
[→https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/08/10/Kynntu-adgerdir-til-ad-efla-skapandi-greinar/](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/08/10/Kynntu-adgerdir-til-ad-efla-skapandi-greinar/)

Stuart, C. Háskólinn á Bifröst. (2022, 26. október) Skapandi greinar á tímamótum. Re)discovering the potential of the cultural and creative industries in Iceland. [myndband]. YouTube.  
[→https://www.youtube.com/watch?v=KK1nj0LZcTo](https://www.youtube.com/watch?v=KK1nj0LZcTo)

Telemarksforsking (e.d.). Norsk Kulturindeks.  
[→https://kulturindeks.no/indeks](https://kulturindeks.no/indeks)

Throsby, D. (2008). Modelling the Cultural Industries. International journal of cultural Policy. 14, 217-232.

Pessoa, J. og Delomeaux, L. (2009). The 2009 UNESCO Framework for Cultural Statistics (FCS). UNESCO Institute for Statistics. [].

Vilares, M., Rausell, P., Martínez, C., Alves, B., Colaco, D., Fonseca, I., Borrego, P., Justo, S., Bulian, G., Turon i Loren, J., Cabedo, A., Álvarez, F., Sanjuán, J., Cordero, J., og Boix, R. (2022). Measuring The Cultural And Creative Sectors EU - Final Report.  
[→https://www.measuring-ccs.eu/wp-content/uploads/2022/11/The-Measuring-CCS-Consortium-publishes-the-Final-Report-Measuring-the-Cultural-and-Creative-Sectors-in-the-EU.pdf](https://www.measuring-ccs.eu/wp-content/uploads/2022/11/The-Measuring-CCS-Consortium-publishes-the-Final-Report-Measuring-the-Cultural-and-Creative-Sectors-in-the-EU.pdf)

Þingskjal nr. 1530/2022. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025.  
[→https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3422](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3422)

Þingskjal nr. 1061/2022. Tillaga til þingsályktunar um myndlistarstefnu til 2030.  
[→https://www.althingi.is/altext/153/s/1061.html](https://www.althingi.is/altext/153/s/1061.html)

Þingskjal nr. 1060/2022. Tillaga til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030.  
[→https://www.althingi.is/altext/153/s/1060.html](https://www.althingi.is/altext/153/s/1060.html)

Þingskjal nr. 1149/2012-2013. Þingsályktun um menningarstefnu.  
[→www.althingi.is/altext/pdf/141/s/1149.pdf](http://www.althingi.is/altext/pdf/141/s/1149.pdf)

Þingskjal nr. 1857/2023. Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.  
[→https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009152.html](https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009152.html)

Þingskjal nr. 1391/2022. Lög um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (hækkun hlutfalls endurgreiðslu).  
[→https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.076.html](https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.076.html)

Þingskjal nr. 110/2016. Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist.  
[→https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016110.html](https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016110.html)

Þingskjal nr. 130/2018. Lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.  
[→https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018130.html](https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018130.html)



## 8. Myndaskrá

Mynd 1: Greining í upphafi undirbúningsvinnu	7
Mynd 2: Helstu hagaðilar	7
Mynd 3: Áherslur í starfi Rannsóknaseturs skapandi greina	10
Mynd 4: Vörður	14 - 15
Mynd 5: Skilgreining UNESCO 2009	17
Mynd 6: Menningarvísar Hagstofu Íslands 2021	19
Mynd 7: Rekstrartekjur í atvinnugreinum menningar og skapandi greina 2012 – 2021	20 - 21
Mynd 8: Menningarvísar Hagstofu Íslands 2023	24 - 25
Mynd 9: Núverandi stefnumótun aðskilur skapandi greinar og nýsköpun	26
Mynd 10: Framtíðarsýn með samlegð að leiðarljósi	26
Tafla 1: Skapandi störf	41

## 9. Viðaukar

Skýrsla þessi er gerð á vegum undirbúningsstjórnar um stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina og gefin út af Háskólanum á Bifröst sem hefur leitt vinnuna. Í samantektinni sem skrifuð er af Önnu Hildi Hildibrandsdóttur formanni undirbúningsstjórnar, er að finna yfirlit yfir vinnuna sem átt hefur sér stað ásamt útdrætti úr sex skýrslum sem unnar voru á vegum undirbúningsstjórnar. Skýrslurnar eru liður í að lýsa stöðu menningar og skapandi greina á Íslandi eins og hún kemur fyrir árið 2022. Skýrslurnar eru birtar í heild sinni í viðaukum og eru gerðar á ábyrgð höfunda sinna en kostaðar af verkefninu. Auk þess eru tvær skýrslur unnar með stuðningi frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Samantektin sem hér birtist er um leið yfirlit yfir vinnu undirbúningsstjórnar varðandi þá verkþætti sem tilgreindir voru í samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Háskólann á Bifröst í ágúst árið 2021.

### Listi yfir viðauka

#### VIÐAUKI 1

María Kristín Gylfadóttir. (2023). Samantekt á þarfagreiningu. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst. [www.bifrost.is/media/1/vidauki-1-samantekt-a-tharfagreiningu.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-1-samantekt-a-tharfagreiningu.pdf)

#### VIÐAUKI 2

Cunningham, S., Brook, S. og McCutcheon, M. (2023). Rannsóknaráherslur sem styrkja þróun menningar og skapandi greina (e. Research agendas supporting the development of Cultural and Creative Industries (CCIs)). [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst. [www.bifrost.is/media/1/vidauki-2-rannsoknaaherslur-sem-styrkja-throun-menningar-og-skapandi-greina.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-2-rannsoknaaherslur-sem-styrkja-throun-menningar-og-skapandi-greina.pdf)

### **VIÐAUKI 3**

Cunningham, S., Brook, S. og McCutcheon, M. (2023). Skilgreiningar á skapandi greinum (e. definitions of CCI). [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

[www.bifrost.is/media/1/vidauki-3-skilgreiningar-a-menningu-og-skapandi-greinum.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-3-skilgreiningar-a-menningu-og-skapandi-greinum.pdf)

### **VIÐAUKI 4**

Dagbjört Una Helgadóttir. (2023). Styrkir til menningar og skapandi greina. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

[www.bifrost.is/media/1/vidauki-4-styrkir-til-menningar-og-skapandi-greina-a-islandi.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-4-styrkir-til-menningar-og-skapandi-greina-a-islandi.pdf)

### **VIÐAUKI 5**


Erna Kaaber. (2023). Opinber útgjöld til menningarmála á sveitastjórnarstigi. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

[www.bifrost.is/media/1/vidauki-4-styrkir-til-menningar-og-skapandi-greina-a-islandi.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-4-styrkir-til-menningar-og-skapandi-greina-a-islandi.pdf)

### **VIÐAUKI 6**

Heiða Björk Þórbergsdóttir. (2023). Staða sjálfstætt starfandi innan skapandi greina á Íslandi. [Skýrsla]. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

[www.bifrost.is/media/1/vidauki-6-sjalfstaett-starfandi-innan-skapandi-greina.pdf](http://www.bifrost.is/media/1/vidauki-6-sjalfstaett-starfandi-innan-skapandi-greina.pdf)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

ISBN 978-9935-473-10-3